

Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
birgir@ry.is
Suðurlandsvegi 1-3,
850 HELLA



Selfoss, 18. desember 2019
Tilvísun: 2019120034 / rmj

Efni: Umsögn vegna deiliskipulagstillögu - Bjargstún í Rangáþingi ytra

Vegagerðin hefur mótttekið til umsagnar deiliskipulagstillögu vegna Bjargstúns í Rangáþingi ytra sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags. 01.10.2019.

Vegagerðin vísar til fyrri umsagna varðandi tenginga heimreiða við Árbæjarveg (271-01) og ítrekar að Árbæjarvegur er tengivegur af gerðinni C₇ þar sem lengd á milli tenging eiga að vera að lágmarki 200 m, af skýringaruppdrætti að dæma er mun styttra á milli tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli tenginga. Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika tenginga.

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi.

Vegagerðin telur litla skipulagsreiti ekki í samræmi við skipulagsreglugerð þar sem segir að deiliskipulag skuli að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu sem gefur sameiginlegar forsendur fyrir viðkomandi deiliskipulag. Þar segir jafnframt að við gerð deiliskipulags skal þess gætt að unnt sé að framfylgja sérstökum kröfum sem gerðar eru í öðrum lögum og reglugerðum, s.s. kröfum um öryggi.

Virðingarfyllst,

Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar